

# 265. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 9. MAÍ 2017 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing. Umræða um aðdraganda þess aukakirkjuþings sem haldið var hinn 30. mars s.l. og ástæður þess að boðað var til þess. Magnús Kristjánsson forseti kirkjuþings er boðaður til fundarins undir þessum lið.
3. Fjármál
  - a) Fundargerð fjármálahóps frá 8. maí 2017.
  - b) Stefna Stórólshvolssóknar á hendur Þjóðkirkjunni.
  - c) Fjárhagsleg samskipti við ríkið – umsögn um fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022.
4. Fasteignir
  - a) Fundargerð kirkjustarfshóps 26. apríl 2017.
  - b) Uppgjör lögmannspóknunar vegna Traðamáls.
  - c) Endurheimt votlendis.
  - d) Seljadalur, skógrækt.
5. Kirkjan og almannatengsl. Kynning á starfi almannatengslahóps biskupsstofu og kirkjuráðs.
6. ALTA. Kynning ráðgjafarfyrtækisins Alta á starfsemi sinni og verkefnum.
7. Úrskurðir Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.
8. Keflavíkursókn, endurskoðun sóknarmarkna.
9. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Forseti kirkjuráðs Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir og séra Gísli Jónasson í forföllum séra Gísla Gunnarssonar. Séra Elínborg Gísladóttir boðaði forföll vegna veikinda að morgni fundardags og 2. varamaður lærðra í ráðinu, sr. Geir Waage var boðaður en átti ekki heimangengt.

Jafnframt sátu fundinn Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings undir 2. lið, Þorvaldur Víðisson biskupsritari, Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

---

## 2. KIRKJUÞING

---

Umræða um aðdraganda þess aukakirkjuþings sem haldið var hinn 30. mars s.l. og ástæður þess að boðað var til þess. Umræðan er að beiðni Stefáns Magnússonar kirkjuráðsmanns. Hann hóf umræðuna og gagnrýndi m.a. framkvæmdastjóra fyrir framgöngu hans í málinu. Framkvæmdastjóri svaraði gagnrýni Stefáns og tjáði þá skoðun sína að rétt væri að halda málinu til haga til að draga af því lærdóma. Forseti kirkjuþings lýsti aðkomu sinni að málinu og þátttöku í ákvörðunum og undirbúningi aukakirkjuþingsins.

---

## 3. FJÁRMÁL

---

a) *Fundargerð fjármálahóps frá 8. maí 2017.*

Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 3. mál. Kirkjuráð ákveður að veita 2,5 m.kr. styrk vegna reksturs og sumarbúðastarfs á vegum Kirkjumíðstöðvar Austurlands og vísar málinu til endurskoðunar rekstraráætlunar Kirkjumálasjóðs. Tekið fyrir 4. mál. Formaður fjármálahóps kirkjuráðs reifaði það sem kom fram í kynningu Einars Karls Haraldssonar á starfi sínu. Tekið fyrir 5. mál. Kirkjuráð bendir á að sóknir hafa verið sameinaðar og reynsla af því hefur verið mjög góð. Kirkjuráð samþykkir eftirfarandi tillögu fjármálahóps:

*Kirkjuþing 2016 hvatti til þess að gert yrði átak sem miðaði að því að hvetja sóknir til samstarfs og sameiningar.*

*Kirkjuráð telur að með tilliti til stöðu Jöfnunarsjóðs sé tímabært að beita Jöfnunarsjóði í þessu skyni ef þörf krefur.*

*Hlutverk Jöfnunarsjóðs er með þeim hætti að stuðningur við sameiningar rúmast innan þess, enda er sjóðnum meðal annars ætlað að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.*

*Kirkjuráð vekur athygli forráðamanna sókna þjóðkirkjunnar á eftirfarandi:*

*Sóknir sem hyggja á sameiningu geta óskað eftir stuðningi Jöfnunarsjóðs með það að markmiði að jafna aðstöðu sóknanna til sameiningar.*

*Úthlutun til sameiningar sé rökstudd og afgreidd til eins árs í senn eins og reglur sjóðsins standa til, að því gefnu að ákvörðun sókna hafi verið tekin með réttum hætti.*

*Jafnframt er Jöfnunarsjóði heimilt samkvæmt reglugerð um sjóðinn að veita vilýrði um áframhaldandi stuðning til fjögurra ára.*

Fundargerðin samþykkt.

*b) Stefna Stórólshvolssóknar á hendur Þjóðkirkjunni.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um málið. Umrædd stefna var ekki birt fyrir stefndu, skrifstofa kirkjuráðs hafði ekki upplýsingar um innihald hennar við undirbúning þess fundar kirkjuráðs sem tók málið fyrir og í fyrirbyggjandi gögnum kom fram að tiltekinn hæstaréttarlögmaður hefði tilkynnt f.h. Halldórs Gunnarssonar og Stórólshvolssóknar um málshöfðunina. Svo virðist nú sem þarna hafi verið um misskilning að ræða og Halldór hafi ekki verið aðili að stefnunni. Þetta er hér með leiðrétt.

*Fjárhagsleg samskipti við ríkið – umsögn um fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022.*

Umsögnin lögð fram til kynningar. Kirkjuráð hyggst taka þátt í fundi n.k. föstudag 12. maí þar sem tekin verður staðan í samningamálum um fjárhagsleg samskipti við ríkisvaldið.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

*a) Fundargerð kirkjustarfshóps 26.04.2017.*

Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 2. mál. Samningur við Ölkeldubændur um leigu á túnum. Afgreiðsla kirkjustarfshóps samþykkt. Fundargerðin samþykkt.

*b) Uppgjör lögmannspóknunar vegna Traðamáls.*

Lagðir fram minnispunktar frá framkvæmdastjóra um málið með tillögu um þóknun til lögmanns Kirkjumálasjóðs í Traðamálinu. Kirkjuráð samþykkir tillöguna.

*c) Endurheimt votlendis.*

Lagðir fram minnispunktar framkvæmdastjóra um málið. Kirkjuráð samþykkir að gera samstarfssamning við HS Orku um endurheimt votlendis á allt að 10 ha landssvæði vegna fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar. Sérfræðilegur ráðgjafi við leit að heppilegri jörð í verkefnið verður Hlynur Óskarsson vistfræðingur hjá Votlendissetri Landbúnaðarháskóla Íslands og tengiliður við HS Orku er Axel Viðarsson sérfræðingur endurnýjanlegrar orku. Verkefnið er án kostnaðar fyrir Kirkjumálasjóð. Kirkjuráð samþykkir jafnframt samstarf við Auðlind, náttúrusjóð um sambærilegt verkefni.

*d) Seljadalur, skógrækt*

Erindi Ásmundar Ásmundssonar varðandi hugsanleg kaup á landspildu til skógræktar. Erindinu vísað til frekari vinnslu í kirkjustarfshópi.

---

#### 5. KIRKJAN OG ALMANNATENGL. KYNNING Á STARFI ALMANNATENGLAHÓPS BISKUPSSTOFU OG KIRKJURÁÐS.

---

Kynningin fór fram.

---

#### 6. ALTA. KYNNING RÁÐGJAFARFYRIRTÆKISINS ALTA Á STARFSEMI SINNI OG VERKEFNUM.

---

Kynningin fór fram.

---

## 7. ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR UM UPPLÝSINGAMÁL.

---

Hinn 26. apríl s.l. felldi Úrskurðarnefnd um upplýsingamál tvo úrskurði vegna kæru blaðamanna. Úrskurðirnir eru lagðir fram til kynningar. Brugðist hefur verið við þeim með upplýsingagjöf í samræmi við þá.

---

## 8. KEFLAVÍKURSÓKN, ENDURSKOÐUN SÓKNARMARKA.

---

Erindið lagt fram til kynningar.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:34.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 13. júní 2017

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
forseti kirkjuráðs.

---

Oddur Einarsson,  
frankvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Gísli Jónasson

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.